

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögu að breyttu deiliskipulagi.

Dalsmári 13, stækkun tennishallar. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbæjar þann 28. júní 2016 breytt deiliskipulag fyrir Dalsmára 13. Í breytingunni felst stækkun tennishallarinnar. Við austurhlið núverandi tennishallar kemur 2100 m² viðbygging, 44,5 m x 49,0 m að stærð, hæð viðbyggingar verður 10 m, tengibyggging úr gleri verður á suðurhlið viðbyggingar.

Málsmeðferð var skv. 43. gr. ofangreindra laga. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 22. júlí 2016.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 29. júlí 2016